

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. P 136/283
komudagur 2.12.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

28. nóvember 2008
Tilvísun: 2008110044


Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 12. nóvember 2008, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001. Í 1. gr. er lagt til að auglýst verði opinberlega eftir umsóknum um stöðu bankastjóra Seðlabankans. Sé um að ræða stöðu formanns bankastjórnar skal það tekið fram. Bankastjórar skulu hafa háskólamenntun, reynslu og þekkingu í peningamálum og öðrum efnahagsmálum. Í 2. gr. laganna kemur fram að fundargerðir vaxtaákvarðanafunda bankastjórnar Seðlabankans skulu birtar opinberlega í kjölfar ákvörðunar bankastjórnar um stýrivexti hverju sinni. Gerð skal grein fyrir forsendum ákvörðunarinnar og þeim markmiðum sem eiga að nást með henni.

Fjármálaeftirlitið telur rétt að ofangreindar breytingar verði teknar til athugunar eftir að heildarskoðun hefur átt sér stað á fjármálakerfinu og telur því ekki ástæðu til að taka afstöðu til efnis frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Jónas Fr. Jónsson


Lilja Rut Kristófersdóttir